

Íslenskur iðnaður

09. tölublað 16. árg.

September 2010

Samtök iðnaðarins

SI



Iðnir krakkar í Ísaksskóla

Samtök iðnaðarins og Iðnú gefa öllum skólum landsins eitt bekkjarsett af nýttkominni bók Sigrúnar Eldjárn, *Iðnir krakkar*.

Fyrsti skólinn til að veita bókunum viðtöku var Ísaksskóli en Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri Iðnú afhentu 7-8 ára gömlum börnum bækurnar. Orri sagði börnunum frá bókinni og að allir skólar á landinu myndu fá eitt bekkjarsett af henni. Hann afhenti síðan menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, eintak og gaf henni orðið. Katrín sagðist hafa lesið bókina og kvaðst þess fullviss að krakkarnir myndu hafa jafn gaman af henni og hún sjálf. Krakkarnir

voru ófemirnir að spyrja hana út í efnið og segja frá ýmsu sem þau kunna og geta. Síðan las höfundurinn, Sigrún

Eldjárn, úr bókinni. Börnin hlustuðu af áhuga og ekki var annað að sjá en bókinn félli í góðan jarðveg.



Rafeyri hlýtur D-vottun SI

Rafeyri ehf. hefur staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar SI og hlotið D-vottun. Hannes Garðarsson, skrifstofu- og öryggisstjóri fyrirtækisins tók við vottuninni.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Í því felst að rekstur fyrirtækis er gerður skilvirkari. Fyrirtækið

fer í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind. Við þetta eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði.

Hannes Garðarsson, skrifstofu- og öryggisstjóri fyrirtækisins segir ánægjulegt að fyrirtækið hafi náð þessum áfanga.

framhald á bls. 3

bls. 2



Þjónusta fyrir iðnaðinn í landinu

bls. 3



Lög um iðnaðarmálagjald samþykkt

bls. 5



Fjárfestingar í forgang

bls. 7



Blikur á lofti í norrænum tækniíðnaði

bls. 8



Matvæladagur MNÍ 2010 - Fjöreggið -

Þjónusta fyrir iðnaðinn í landinu



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

Starfsemi Samtaka iðnaðarins er fjölbreytileg. Við eigum aðild að þremur ólíkum menntastofnunum, IÐUNNI, Háskólanum í Reykjavík og Tækniskólanum, og erum stolt af því margvíslega menntunarúrvali sem þar er í boði fyrir atvinnulíf og einstaklinga. Við störfum beint með einstökum aðildarfélögum og starfsgreinahópum í því sem efst er á baugi í hjá fyrirtækjunum hverju sinni. Til að mynda veita sérfræðingar Samtakanna ráðgjöf um umhverfistækni, lagaleg atriði, fjármögnun, gæðamál, framkvæmdafræði, nýsköpun og hagræna þætti. Við tökum þátt í samningahópum í aðildarferli Íslands að ESB og leggjum í því starfi þunga áherslu á hagsmuni einstakra iðngreina. Við stundum kynningarstarf og bjóðum hinum ólíku starfsgreinum iðnaðarins upp á eigin vettvang innan SI til að vinna að sérhæfðum hugðarefnum sínum. Við erum stærsta aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins og búum þau undir kjarasamninga vetrarins með aðildarfélögum okkar. Við veitum umhverfi okkar aðhald, s.s. ríkisstjórn, ráðuneytum, löggjafanum, eftirlitsstofnunum, sveitarfélögum og fjármálaframtækjum.

Það er margt sem brennur á iðnaði á Íslandi, núna þegar tvö ár eru liðin frá upphafi óvenjulega djúprar efnahagslægdar. Um 13 þúsund manns eru á atvinnuleysissskrá í landinu. Verklegar framkvæmdir hafa skroppið saman, raunar langt umfram það sem eðlileg aðlögun að snöggkældum efnahag landsins hefði átt að kalla á. Hálfkörüð hús víðs vegar um höfuðborgarsvæðið

eru skýr birtingarmynd þessa ástand. En það þarf að ljúka gerð þessara mannvirkja – og raunar er talsverð þörf umfram framboð af vissri tegund húsnæðis, s.s. litlum og ódýrum íbúðum. Hið opinbera hefur jafnframt lengi boðað að hefja skyldi hið fyrsta arðbærar framkvæmdir sem eru á döfinni hvort sem er. Lífeyrisgjóðir hafa boðist til að lána til slíkra aðgerða. Enn er beðið eftir ákvörðunum.

Aðrar greinar eiga við allt önnur vandamál að stríða en mannvirkjageirinn. Tölvuleikjaframleiðendur og ýmis önnur hátækniyrirtæki hafa vart undan að stækka, og fá ekki fólk við sitt hæfi. Þetta er sannkallaður velmegunarvandi. SI hafa í samstarfi við menntastofnanir og Vinnumálastofnun hafið áttak sem miðar að því að koma fólki af atvinnuleysissskrá í nám sem atvinnulífið þarfnast. Þetta er þarft verkefni en alls engin töfralausn fyrir núverandi stöðu, það tekur tíma og þarfnast þolinmæði. Til langs tíma þarf menntakerfið sjálft að veita atvinnulífinu þá þjónustu og þá menntuðu starfskrafta sem það þarfnast.

Hin ólíku vandamál milli iðngreina lýsa glögggt því ósamhverfa ástandi sem ríkir. Fyrirtæki sem treysta á útflutning og fá greitt í erlendum gjaldeyri hafa mörg hver náð vopnum sínum eftir bankahrun, en innlend eftirspurn er svo dauflæg að fáar íslenskar krónur koma í kassa þeirra sem selja vörur sínar og þjónustu hér heima.

Þar við bætast ýmsir sértækir fingurbrjótar. Þar má nefna gjaldeyrishöftin, sem valda fjölmörgum sprotafyrirtækjum erfiðleikum við að tryggja erlent áhættu-

fé, sem er í boði. Á innlendum fjármála-markaði eru enn allt of háir raunvextir og bankar halda að sér höndum, þótt yfirfullir séu af fé. Afturganga vörugjalda og annarra skattahækkana setur innlenda starfsemi reglulega í uppnám. Óvissa með úrlausn gengislánanna eykur enn á tafirnar og sú pólitíska ósamstaða sem ríkir í landinu eykur á þyngslin í atvinnulífinu.

Samtök iðnaðarins vilja taka frumkvæði í að aðstoða félagsmenn sína. Við lítum á það sem okkar verkefni að upp-ræta vítahringi í efnahagslífinu, leiða saman fjármagn og arðbær verkefni og ýta úr vegi hindrunum þar sem það er hægt. Nú blasir við Samtökunum nýr veruleiki í fjármögnun. Iðnaðarmálagjaldið hefur verið lagt af og Samtökin verða að vinna þétt með félagsmönnum sínum að þörfum þeirra. Á því byggist samtakamáttur íslensks iðnaðar.

Sá sem þetta ritar hefur þá ánægju að vera að hefja starf fyrir iðnaðinn á Íslandi. Ég er fullur tilhlökkunar að vinna með starfsmönnum Samtaka iðnaðarins og reynslumiklum sérfræðingum þeirra í að veita félagsmönnum Samtakanna sem besta og víðfeðmasta þjónustu.

Samtök iðnaðarins hlakka til spennandi vetrar.



Lög um iðnaðarmálagjald samþykkt

Þann 10. september voru samþykkt lög um iðnaðarmálagjald. Gjald skal samkvæmt lögum þessum síðast lagt á vegna rekstrarársins 2009 og renna tekjur af því í ríkissjóð. Tekjunum skal varið til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) kvað upp dóm um lögmati iðnaðarmálagjalds í apríl síðastliðnum og komst þá að þeirri niðurstöðu að lögin um iðnaðarmálagjaldið stæðust ekki ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hæstiréttur Íslands hafði tvívegis fjallað um málið og komist að annarri niðurstöðu.

Samtök iðnaðarins áttu ekki aðild dómsmálunum þótt þau vörðuðu gjald sem iðnaðurinn í landinu greiðir og rann til þeirra. Ríkið var varnaraðili í málinu enda fjallað um lög frá Alþingi sem hafa verið í gildi um áratugaskeið.

Samtök iðnaðarins fagna því að niðurstaða sé fengin í málið og munu áfram leggja á það höfuðáherslu að þjónusta við félagsmenn og barátta fyrir hagsmunum iðnaðarins verði öflug í framtíðinni.



Nýtt meistaranám í matvælagreinum

Í haust var í fyrsta sinn boðið iðnmeistaránám samkvæmt nýrri námskrá í Hótel- og matvælasjólanum í Menntaskólanum í Kópavogi. Fyrst um sinn er um tilrauna-verkefni að ræða en námið verður þróað áfram eftir því sem þurfa þykir. Náminu er skipt upp í fjórar námslotur, stofnun og þróun fyrirtækja, stjórnun, rekstur og fjármál og kennslu og leiðsögn. Tvær námslotur eru á hvorri önn og stendur hver um sig yfir í 6-8 vikur. Hverri lotu lýkur áður en sú næsta hefst. Nemendur mæta í staðbundnar lotur í skólanum, tvisvar í hverri grein, en vinna þess á milli verkefni í samráði við kennara. Skemmst er frá því að segja eftirspurn að var mun meiri en hægt var að anna og urðu margir frá að hverfa. Fullskipað er í námið en alls voru teknir inn 35 nemendur, 22 sveinar í matreiðslu, fimm í bakstri, fjórir í kjötið og fjórir í framreiðslu. Nánari upplýsingar eru á vef skólans www.mk.is.

Framhald af forsiðu:

Rafeyri D-vottað



„D-vottunin snýst um að hafa grundvallaratriði verktaka í góðu lagi og hefur Rafeyri unnið að því marki undanfarin misseri. Það er því ljúft að fá staðfestingu á að sómasamlega sé staðið að verki hér á bæ. Rafvirkjarnir skila góðu verki en það er vart nægilegt ef umgjörðin er skökk og skæld. Verkbókhald og verkstjórn verður að vera markviss, öryggi starfsmanna tryggt og ráðningarmál formleg,“ segir Hannes.

Hann segir það vaxandi kröfu verkkaupa að verktakar standist kröfur um góða vinnuhætti og því æskilegt að geta flaggað skjali því til sönnunar. Hins vegar sé það aðeins vitnisburður og mikilvægasti ávinningurinn sé betra og vandaðra starf sem skilar sér í aukinni framlegð og ekki síður í aukinni starfsánægju og metnaði. Hjá Rafeyri starfa að sögn Hannesar kraftmiklir og metnaðarfullir starfsmenn með margvíslega menntun. „Rafvirki, vélstjóri, vélvirki, rafvélavirki, rafiðnfræðingur, iðnaðarrafvirki, vélfræðingur, rafvélavirkjameistari og vélvirkjameistari eru meðal þeirra réttindaheita sem prýða starfsmennina.“

Rafeyri var stofnað 1994 upp úr rafmagnsdeild Slippstöðvarinnar og sinnir að stærstum hluta þjónustu við útgerðir með áherslu á fyrirtæki og útboðsverk. Sérstök áhersla er á háspennurafvirkjun. Síðustu ár hefur einnig verið starfrækt tæknideild sem annast tilboðsgerð, teikni- og hönnunarvinnu ásamt því að leiða tæknihluta verka.

Starfssvæði Rafeyrar er nánast um allt land þó langmest af verkefnum séu staðsett á Eyjafjarðarsvæðinu. Einnig hafa starfsmenn fyrirtækisins sinnt verkefnum í nálægum löndum. Stærstu verkefni í sögu fyrirtækisins eru stækkun og endurbætur á Lagarfossvirkjun og uppbygging aflþyngnuverksmiðju Becromal í Krossanesi.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is. Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is.



Óvænt verðbólguþróun kallar á frekari vaxtalækkanir

Vísitala neysluverðs er óbreytt milli mánaða samkvæmt nýjum verðbólguþölum frá Hagstofu Íslands. Við það lækkar verðbólga úr 4,5% í 3,7%. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir þetta hafa komið nokkuð á óvart en vissulega sé ánægjulegt að verðbólga sé að dragast hratt saman. „Í venjulegu áferði er yfirleitt hressileg hækkun á vísitölu neysluverðs í september enda er sumarútsölum að ljúka og á verð fatnaði hækkar verulega. Vissulega hækki þessi liður nú en aðrir þættir ýta undir lækkan“.

Bjarni segir að verðbólguhorfur fyrir seinni hluta ársins markist annars vegar af frekar veikri innlendra eftirspurn sem

dragi úr verðbólgu. „Hins vegar eru yfirvofandi hækkunir á rafmagni og kornvörum sem hafa hækkað mikið á erlendum mörkuðum en einhver viðspyrna er þó í þeirri gengisstyrkingu sem hefur komið fram síðustu mánuði. Ég býst þó ekki við að gengið styrkist meira enda er Seðlabankinn farinn að kaupa gjaldeyri þegar færri gefst sem gefur vísbendingu um að hann vilji ekki sjá gengið styrkjast mikið meira. Verðbólguþróunin síðustu mánuði ætti að styðja við frekari stýrivaxtalækkanir þar sem minnkandi verðbólga hækkar raunvaxtastig að óbreyttum stýrivöxtum. Núverandi efnahagsástand kallar á að raunstýrivextir séu við núllið“, segir Bjarni að lokum.

Nýir félagsmenn

Íslenska kalkpörungafélagið
Hafnarsteigi 4
465 Bíldudal

Íslandsvetni
Fagrahvammi 12
220 Hafnarfirði

Skólamatúr
Íðavöllum 3d
230 Reykjanesbær

Ólafur Halldórsson
Tjörn 1
781 Höfn í Hornafirði


G-5 Kranaafgreiðsla
Dugguvogi 2
104 Reykjavík

Clara
Laugavegi 59
101 Reykjavík

Hækkunir á raforku erfiðar fyrir iðnaðinn

Nýkynntar hækkunir á orkuverði eru áfall fyrir iðnað í landinu segir Bjarni Már Gylfason hagfræðingur Samtaka iðnaðarins. Gjald fyrir raforkudreifingu hækkar um 40%, rafmagnsverð um 11% auk þess sem verð á heitu vatni hækkar um 35%. „Margar iðngreinar eru orkufrekar og því er þessi hækkun nú sem reiðarslag fyrir fjölda fyrirtækja. Ekkert svigrúm er fyrir þau til að taka á sig þessar hækkunir og geta þau lítið annað gert en að velta þeim út í verðlagið. Hækkunin kemur á versta tíma nú þegar við vorum að vonast til að einhver bati sé að koma fram í hagkerfinu. Þetta hægir verulega á hjöðnun verðbólgunnar og verður líklega helsti drifkraftur hennar á næstunni.“ Bjarni segir þessar hækkunir leiða hugann að skipulagi raforkumarkaðarins og hvernig til hefur tekist við innleiðingu nýlegra raforkulaga. „Okkar athuganir gefa til kynna að sérleyfishluti raforkumarkaðarins hafi hækkað talsvert meira í verði síðustu misserin umfram samkeppnishlutann. Nýkynntar hækkunir munu enn auka á þann mun. Í mínum huga er þetta undarlegt og í mótsögn við áform og markmið raforkulaganna.“

Hlutfur iðnaðar og mannvirkjagerðar landsframleiðslu 1980-2009



Fjárfestingar í forgang

Í þeim efnahagsörðugleikum sem Ísland gengur enn í gegnum ættu stjórnvöld að leggja allt kapp á að laða hingað erlenda fjárfesta til að stuðla að efnahagsbata, auka atvinnu og minnka atvinnuleysi. Því miður virðist það ekki vera reyndin.

Nýjasta útspil stjórnvalda í Magma-málinu og ákvörðun umhverfisráðherra vegna aðalskipulags í Flóahreppi eru dæmi um stjórnsýslu sem hefur neikvæð efnahagsleg áhrif. Af svipuðum toga voru ákvarðanir um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum SV-línu. Í öllum tilfellum voru verkefni tekin út úr eðlilegum stjórnsýsluferli og reynt að þvinga fram niðurstöðu sem þjónar þröngum pólitískum hagsmunum. Á meðan dregst kreppan á langinn og erlendir fjárfestar gerast fráhverfir Íslandi.

Magma málið

Óháð því hvaða skoðun menn hafa á kaupum Magma Energy á HS orku er ljóst að íhlutun stjórnvalda í fjárfestingu erlendra aðila Íslandi hefur neikvæð áhrif á frekari uppbyggingu atvinnulífsins og kemur óorði á Ísland sem mögulegan stað til fjárfestinga. Ennfremur ala stjórnvöld á tortryggni innanlands gagnvart þeim fáu aðilum sem eru tilbúnir að leggja traust sitt á efnahagslíf Íslands. Í opinberri umræðu gleymist gjarnan að huga að því hvaða efnahagslega gildi erlend fjárfesting hefur. Nánast allstaðar í hinum vestræna heimi er það beinlínis stefna stjórnvalda að hvetja til og skapa skilyrði fyrir erlenda fjárfesta. Ástæðan er bein tengsl við aukna verðmætasköpun og atvinnu.

Ólögmatúr úrskurður

Umhverfisráðherra úrskurðaði að nýtt aðalskipulag sem gerði ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár væri ógilt vegna þess að framkvæmdaaðili, ríkisfyrirtækið Landsvirkjun, hefði tekið þátt í kostnaði við skipulagið. Héraðsdómur hefur nú dæmt þessa embættisfærslu ógilda. Þarna fer ráðherra fram með ólögmatum hætti til að reyna þvinga fram pólitíska hagsmuni sem felast í að koma í veg fyrir framkvæmdir og fjárfestingar á svæðinu. Frá efnahagslegu sjónarmiði er þessi íhlutun óskiljanleg. Frá umhverfislegu sjónarmiði er hún illskiljanleg enda er um að ræða afar umhverfisvænar rennslisvirkjanir með lágmarks umhverfisáhrifum.

Sagan endurtekur sig

Atburðarásin í kringum Suðvesturlínu er af sama toga og Magma-málið og skipulagsmál í Flóahreppi. Þar var Skipulagsstofnun seint á síðasta ári gert að ákveða upp á nýtt hvort ekki ætti að fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun hafði áður úrskurðað að þess þyrfti ekki. Niðurstaða stofnunarinnar breyttist ekki og í janúar sl. úrskurðaði Umhverfisráðuneytið loks að sameiginlegt mat þyrfti ekki að fara fram. Efnislega breyttist ekkert en í millitíðinni var fæti brugðið fyrir orkufreka atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum og orðspor Íslands sem mögulegur fjárfestingastaður beið frekari hnekk.

Stefna stjórnvalda

Það er kveðið á um það í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að stuðla beri að beinum erlendum fjárfestingum og gera það sem hægt er til að auka traust og trú á íslenskt efnahagslíf. Stjórnvöld hafa upp á síðkastið leitað leiða til að auka verðmætasköpun án mikils tilkostnaðar fyrir ríkið. Ekki verður annað séð en að stjórnvöld séu að gera hið gagnstæða – að minnka líkur á vexti og verðmætasköpun með talsverðum tilkostnaði.

Af þeirri braut ætti að vera auðvelt að snúa með því að hætta óeðlilegri pólitískri íhlutun og setja fjárfestingar í forgang.

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI



Dæmdar verðbætur vegna framkvæmda við Álftanessundlaug

Með dómi héraðsdóms Reykjaness

17. ágúst var fallist á kröfu Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) um að fyrirtækið fengi verðbætur vegna byggingar sundlaugar og viðbyggingar við íþróttahús á Álftanesi. Var fasteignafélagið Fasteign hf. dæmt til að greiða ÍAV 112 milljónir króna og þar af nema verðbæturnar skv. dómnum 105 milljónum króna.

Samtök iðnaðarins fagna þessari niðurstöðu héraðsdóms. Sigurður B. Halldórsson, lögfræðingur SI segir vega þungt í dómnum það samkomulag sem SI gerði við Reykjavíkurborg í mars 2008. „Við væntum þess að dómurinn verði staðfestur í Hæstarétti og fleiri verktakafyrirtæki fái leiðréttingu á sínum samningum í kjölfarið.“

Tildrög málsins voru þau að Fasteign hf. samdi við ÍAV um verkið í mars 2008 í kjölfar útboðs í desember 2007. Samningsfjárhæðin var tæpar 604 milljónir og var m.a. tekið fram í samningnum að engar verðbætur yrðu greiddar á samningstímanum.

Deila fyrirtækjanna í kjölfarið snérist síðan um það hvort forsendubrestur hafi orðið á verksamningi aðila frá mars 2008 og hvort 36. gr. samningalaga yrði beitt þar sem bersýnilega hafi verið ósanngjarnar að bera fyrir sig ákvæðið í samningnum um að engar verðbætur yrðu greiddar á samningstímanum.

Taldi héraðsdómur, sem var fjölskipaður, að forsenda samningsins hafi verið sú



að verðlag hafi verið stöðugt á meðan á verktímanum stæði, en vegna þeirra miklu hækkana, á byggingavísitölu og gengi íslensku krónunnar, hafi forsendur allar brostið fyrir samþykki þess að fjárhæðir tilboðsins á verktímanum væru ekki verðbættar. Þar sem miklar hækkunar urðu á verktímanum taldi dómurinn ósanngjarnar að bera umrætt ákvæði um engar verðbætur í samningnum fyrir sig.

Héraðsdómur vísaði m.a. til þeirrar niðurstöðu matsmanna að óvissuástandið á byggingamarkaði á árinu 2008 vegna óvæntrar efnahagsþróunar innanlands hafi orðið til þess að fleiri byggingaraðilar með óverðbætta verksamninga, hafi fengið leiðréttingar. Í því sambandi var sérstaklega vísað til þess að Samtök iðnaðarins hefðu beitt sér fyrir hönd sinna félagsmanna og samkomulag náðst við Reykjavíkurborg, einn stærsta verkkaupa landsins, um að taka upp verðbætur miðaðar við hækkun byggingarvísitölu og hafi samkomulag þess efnis verið undirritað 1. mars 2008.

Málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar.



Óskráð efni verða ekki heimil á markaði

Fyrirtæki, sem flytja inn efnavörur frá löndum innan Evrópu, þurfa að ganga úr skugga um að efnin séu skráð á lista yfir leyfð efni. Listinn er birtur á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu.

Ef erlendi birgirinn skráir ekki efnið þá verður ólöglegt að hafa það á markaði eftir 1. nóvember. Nú hefur Efnastofnun Evrópu birt lista yfir efni sem þegar hefur verið tilkynnt um og önnur efni má ekki selja. Listinn er til upplýsinga fyrir þá sem nota eða selja efnin og gefur þeim færi á að kanna hvort þau verða lögleg á markaði eftir þennan fyrsta skráningardag skv. REACH reglugerðinni.

Þó efnið sé ekki á listanum núna þá er enn tækifæri því frestur til að skrá efnin rennur út þann 1. desember. Þá á að skrá efni sem eru framleidd eða flutt inn frá löndum utan EES í meira magni en 1000 tonn á ári og þau efni sem eru skilgreind sem hættuleg umhverfi og heilsu. Sjá nánar á upplýsingasíðu um REACH.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
09. tbl. 16. árg. September 2010
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 28.09.2010
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, bls. 2 Birgir Ísleifur Gunnarsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Nýsveinar í blikksmiði

Arnór Ágústsson, Hermann V. Jónsson, Stefán Örn Viðarsson og Sveinn Ágúst Þórsson tóku við sveinsbréfum sínum í blikksmiði við hátíðlega athöfn á vegum Félags blikksmiðjueigenda 10. september sl. Sveinsprófum í greininni hefur nýlega verið breytt verulega bæði hvað varðar innihald og framkvæmd. Með því er stefnt að því að prófin taki mið af nýrri tækni og breyttum vinnubrögðum sem eru í sífelldri framþróun í blikksmiðjum. Nú eru þær flestar með tölvustýrðar vélar í sinni þjónustu auk annarra nýrra og fullkomiinna tækja til jafns við þær smiðjur sem fremstar standa í þessu fagi í nágrannalöndunum. Því má með sanni segja að blikksmiðin er tæknigrein og hinir nýútskrifuðu sveinar tæknimenn á sínu sviði.

Samræmd löggjöf ESB um sæfiefni



Kynningarfundur um sæfiefni var haldinn í ágúst. Til fundarins var boðað til að kynna framleiðendum og innflytjendum sæfiefna þær breytingar sem verða í kjölfar tilskipunar ESB um markaðssetningu sæfiefna.

Um 40 manns sóttu fundinn en að honum stóðu Umhverfisstofnun, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Félag atvinnurekenda.

Hvað eru sæfiefni?

Til sæfiefna flokkast ýmis sóttþreinsandi efni til yfirborðsmeðhöndlunar og til nota í matvælaframleiðslu, iðnaði, innan heilbrigðisgeirans og á stofnunum, rotvarnarefni til að tryggja geymsluþol efna eða til varnar vexti örvera (matvæli eru undanskilin), útrýmingarefni t.d. skordýraeyðar, nagdýraeitur, einnig gróðurhindrandi efni sem notuð eru í botnmálningu skipa.

Tilskipun ESB um markaðssetningu sæfiefna

Um er að ræða samræmda löggjöf um sæfiefni á evrópska efnahagssvæðinu (EES). Sækja þarf um markaðsleyfi fyrir vörur sem flokkast sem sæfiefni í þessum flokkum fyrir ákveðinn tímafrest og verður varan áhættumetin í kjölfarið, ef hún stenst matið þá fær hún markaðsleyfi í því landi sem hún var áhættumetin. Ef selja á þessa vöru í öðrum löndum innan EES þá þarf að sækja um gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfinu. Ef ekki er sótt um markaðsleyfi og gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfinu fyrir vöru þá verður hún ólögleg á EES. Fyrirséð er að vörum í þessum flokkum mun fækka og nauðsynlegt verður fyrir framleiðendur og innflytjendur þessara efna að fylgjast vel með tímafrestum og sækja um tilskilin leyfi tímanlega.

Þrjú erindi voru flutt á ráðstefnunni, tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar og tveir gestafyrirlesarar frá KemI í Svíþjóð.

Nánari upplýsingar og glærur fyrirlesara er hægt að nálgast á vefsetri Umhverfisstofnunar www.ust.is.



Blikur á lofti í norrænum tækniðnaði

Miklar þrengingar hafa gengið yfir málm- véltækniðnaðinn á Norðurlöndunum síðasta ár. Norðmenn eru þó undantekning í þessum efnunum en þeirra undirstaða var og er mikil þjónusta við olíuðnaðinn og smíði fragtskipa fyrir Kínverja. Aftur á móti dróst framleiðsla í þessum greinum saman um 16% hjá Dönum á síðasta ári, um 33% hjá Finnum og hjá Svíum minnkaði heildarframleiðslan um heil 30%. Þessar upplýsingar komu fram á ársfundi samtaka atvinnurekenda í þessum greinum (SVAPU), sem haldiinn var á Egilsstöðum í lok ágúst. En þrátt fyrir þessi slæmu tíðindi greindu Danir frá því að þeir hefðu á miðju þessu ári náð aftur til baka þriðjungnum af minnkuninni á síðasta ári. Þeir virðast því vera farnir að spyrna sér upp frá botninum.

Öflug fyrirtæki

Allir voru sammála um að ástæða þessarar þróunar væri kreppan í alþjóðafjármálum og minni pantanir í framhaldi af því. Það er því ekki ofsagt að fleiri hafa orðið varir við kreppuna en Íslendingar enda þótt hér bættist við allsherjar bankahrún sem hinar þjóðirnar sluppu við. En þrátt fyrir þessa döpru þróun þá var engan bilbug að heyra á talsmönnum þessara öflugu fyrirtækja á Norðurlöndunum. Ekki var nokkur vafi á í þeirra huga að tæknigreinar eins og málm-, véltækni- og rafgreinar á Norðurlöndunum standa styrkum fótum og stefna

markvisst að því að verða áfram ein helsta undirstaða nýsköpunar og velferðar í löndunum.

Undirstaða velferðar

Danir vöktu þó athygli á því að þeim fari fækkandi sem gerðu sér grein fyrir því að öflugt atvinnulíf er undirstaða velferðar hjá þeim og öðrum þjóðum. Umræðan er meira að fara inn á það hvaða þjónustu samfélagið á að veita og hvað er sanngjarnt í þeim efnunum og jafnvel sjálf-sagt. Minna fer fyrir því að íhuga forsendur þess að hægt sé að koma til móts við þessar frómu óskir og væntingar. Þar hafi atvinnulífið sjálft kannski ekki staðið sig í að vekja athygli á því að öflug og arðsöm fyrirtæki skapa þann auð sem stendur undir öllu saman. Ekki er því að neita að fulltrúar Íslands á SVAPU-fundinum könnuðust við þessa umræðu. En Danir láta ekki sitja við orðin tóm því nú hafa dönsku iðnaðarsamtökin ákveðið að fara í mikið kynningarátak undir yfirskriftinni: „Hvaðan koma peningarnir?“ Þar verður þessari spurningu svarað með aðgengilegum upplýsingum og umræðum um atvinnulífið og þýðingu þess fyrir samfélagið. Það verður fróðlegt að fylgjast með því starfi og ekki vafi á að við Íslendingar getum lært af því og nýtt okkur til þess að hefja svipað átak hér á landi; ekki veitir af.

Ingólfur Sverrisson,
forstöðumaður málm- og véltækni SVI

Eyrir Invest og NSA fjárfesta í ReMake Electric



Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) og Eyrir Invest hafa undirritað samning um kaup á hlutafé í hátækni-fyrirtækinu Remake Electric ehf. og var hluthafasamkomulag þess efnis undirritað 31. ágúst. Fjárfestingin verður í nokkrum áföngum og eru greiðslur háðar framgangi verkefna. Að þeim loknum mun NSA eiga 18% hlut í félaginu og Eyrir Invest 20% hlut. Það er markmið þessara hluthafa að byggja upp ReMake Electric sem öflugt íslensk hátækni-fyrirtæki, leiðandi á sínu sérsviði á alþjóða-vísu.

ReMake Electric hefur þróað rafskynjara sem kemur í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja og kviknaði hugmyndin hjá Hilmi Inga Jónssyni, frumkvöðli, þegar hann starfaði sem rafvirki, vegna skorts á upplýsingum til bilanaleitar. Auk þess að nýtast vel sem greiningartæki þá eykur rafskynjarinn öryggi með því gefa hljóðviðvaranir vegna yfirálags. Einnig gefur rafskynjarinn viðskiptavinum tækifæri til að fylgjast betur með eigin orku-notkun. Rafskynjarinn er einkaleyfisvarinn í Evrópu, Bandaríkjunum, Japan og Kína.



Matvæladagur MNÍ 2010 - tilnefningar til Fjöreggs

Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands (MNÍ) stendur fyrir árlegum Matvæladegi miðvikudaginn 27. október. Yfirskrift ráðstefnunnar er *Næring, heilsa og fæðubótarefni á villigötum? Brúum bilið með gagnrýndum vísindum og heilbrigðri skynsemi.*

Á ráðstefnunni verður fjallað á faglegan hátt um ýmsar rangfærslur varðandi næringu út frá gagnreynndri þekkingu. Rætt verður um gildi ýmissa fæðubótarefna, náttúruylfja og náttúruafna og hvort neysla þeirra sé í raun og veru heilsusamleg, hverjir eigi helst á hættu að verða fyrir heilsuskaða vegna neyslu fæðubótarefna, og hvaða þjóðfélagshópar geti notið góðs af þeim. Einnig verður rætt um eftirlit með fæðubótarefnum, sterk áhrif fjölmíðla og markaðsafla, og um tengsl heilsu og heilsufullyrðinga.

Í tengslum við ráðstefnuna verður Fjöregg MNÍ afhent fyrirtæki, stofnun eða einstaklingi fyrir lofsvert framtak á matvæla- eða næringarsviði. Fjöreggið er íslenskt glerlistaverk, hannað og framleitt af Gleri í Bergvík og gefið af Samtökum iðnaðarins. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI mun afhenda Fjöreggið á Matvæladeginum.

Fyrirtæki eru hvött til að benda á vörur eða gott framtak einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja sem hafa sýnt frumkvæði og skarað fram úr á matvæla- og næringarsviði og eru þess verðug að keppa til verðlaunanna. Nauðsynlegt er að setja fram rökstuðning með ábendingunni. Ábendingar á að senda á netfangið mni@mni.is. Nánari upplýsingar um Matvæladaginn er að finna á vefnum www.mni.is.



ORF Líftækni í samstarf við Indverskt fyrirtæki um lyfjapróun

ORF Líftækni og indverska fyrirtækið DM Corporation, stefna að samstarfi við þróun, framleiðslu og markaðssetningu á próteinlyfjum fyrir alþjóðlegan markað. Björn Örvar framkvæmdastjóri ORF Líftækni og Dilip Mohite, forstjóri DM Corporation undirrituðu viljayfirlýsingu þess efnis um mánaðarmótin, að viðstaddri Preneet Kaur, ráðherra utanríkismála Indlands og Össuri Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra Íslands.

Viljayfirlýsingin felur í sér að stofnað verður nýtt lyfjafyrirtæki til að þróa og markaðssetja sérvirk lyfjaprótein. ORF Líftækni leggur nýju fyrirtæki til sérþekkingu sína og einkaleyfisbundið fram-

leiðslukerfi fyrirtækisins í erfðabreyttu byggi. Samstarfið gerir ORF Líftækni kleift að þróa og aðlaga einstakt og öruggt framleiðslukerfið að framleiðslu próteinlyfja.

Á Indlandi er stór, þróaður og ört vaxandi lyfjamarkaður. Þar er mikil sérþekking á lyfjapróun enda reka fjölmörg alþjóðleg lyfjafyrirtæki þar starfsemi og umtalsverður hluti lyfjapróunar í heiminum fer þar fram. DM Corporation er indverskt fyrirtæki sem rekur fjölbreytta starfsemi og hyggst með samstarfi við ORF Líftækni hasla sér völl á ört vaxandi alþjóðlegum markaði með próteinlyf.